

Fundargerð 5. nóv. 2018

1. fundur FFSB

Mætt: Vala, Áshildur, Katla, Haukur og Benedikt, Margrét og María frá stjórnendum.
Fjarverandi: Lára

Formaður kynnti dagskrá fundarins sem var eftirfarandi:

Verkaskipting stjórnar

Dagskrá vetrarins

Jólafondur

Foreldrarölt

Félagsgjöld

Fjármál

Önnur mál

- Foreldraráð Hafnarfjarðar

Verkaskipting stjórnar:

Vala var kosin áfram formaður, Benedikt verður gjaldkeri og Áshildur ritari. Haukur, Katla og Lára eru meðstjórnendur.

Rætt um birtingu fundargerða, en þær skulu sendar á Steinunni í Setbergsskóla og birtar á FB síðu foreldrafélags Setbergsskóla. María sendir e-mail á alla foreldra að fundargerðina verði að finna þar.

Dagskrá vetrarins:

- Jólafondur 25. nóvember
- Fyrirlestur í febrúar
- Páskabingó 3. apríl
- Vorhátíð 15. Maí

Almenn ánægja virðist ríkja með þessa hefðbundnu viðburði svo ákveðið var að halda þeim áfram inni. Ef þörf er á og tilefni þykir til er svo hægt að brjóta upp einhverja þætti innan hvers viðburðar til að auka á fjölbreytnina. Þetta verður metið fyrir hvern viðburð fyrir sig eftir áhuga og þörfum.

Á þessu skólaári á skólinn 30 ára starfsafmæli, óskað er eftir styrk frá foreldrafélagi fyrir stærri viðburði á vordögum.

Jólafondur:

Umræða um tónlistaratriði eða leikatriði. Af nógu virðist vera að taka, samtali við tónmenntakennara og unglíngadeild um það.

Skipulag jólafundurs rætt, efniviður ofl. Verkum deilt á stjórnarmeðlimi.

Foreldrarölt:

Ákall um foreldrarölt frá forvarnarfulltrúa. Það virkar sem slíkt og þyrfti að vera virkt í dag þar sem ákveðnir staðir eru undir álagi hvað varðar hópasöfnun. Þörf er á fræðslu um hvað þurfi að gera og leiðbeiningar þurfa að vera til staðar fyrir þá sem

fara í röltið, mögulega má/þarf að koma fram „hræðsluauðglýsing“ til að opna augu fólks fyrir ástandinu. Katla hefur nú þegar sett upp dagskrá þar sem hver bekkur og árgangur hefur ákveðna daga til umráða. Virkja þarf bekkjarfulltrúa áfram í þessa vinnu til að þeir geti virkjað foreldra til þess að taka að sér þetta rölt á föstudagskvöldum.

Félagsgjöld og fjármál:

Umræða um hvort halda skuli sömu upphæð, 2 x 1.500 kr., eða hvort hún skuli hækkuð. Ákveðið var að senda einn greiðsluseðil að upphæð 2.500 kr fyrir skólaárið í heild sinni.

Önnur mál:

- *Foreldraráð Hafnarfjarðar*

Vala og Áshildur sitja áfram í foreldraráði næsta skólaár.

- *Skólalöping*

Vegna 30 ára afmælisárs Setbergsskóla er nú stefnt að því að halda skólalöping sem samanstendur af nemendum, kennurum og foreldrum. Þetta skólalöping miðar að því að rýna í fjölmarga þætti skólans og marka nýja stefnu hans til næstu 5 ára.

Upphaflega var 17. nóvember áætlaður fyrir þingið en nú er stefnt að því að færa það fram í janúar þar sem við erum komin heldur nálægt jólaamstrinu fyrir svona vinnu. Stefnt er að því að þingið verði haldið annaðhvort laugardaginn 12. eða 19. janúar á milli klukkan 10-13 og á að bjóða þátttakendum upp á morgunverð á meðan á því stendur. 10 hópar verða að störfum með hópstjórum á hverju borði og á hver hópur að fjalla um þrjú viðfangsefni. Árný Elíasdóttir hjá Attendus ætlar að sjá um framkvæmdina. Varpað verður fram spurningum eins og:

- Hvaða hæfni á Setbergsskóli að leggja áherslu á til þess að búa nemendur undir áskoranir næstu ára?
- Hvaða hæfni verður mikilvægust fyrir þá nemendur sem útskrifast næsta áratuginn.. hvernig getur skólinn undirbúið þá hæfni?
- Hvað er sveigjanleiki í námi?...
- Hvað eru fjölbreyttar kennsluáætlanir?...
- ...Ofl.

María fór yfir þá tíu þætti og spurningar sem unnið verður út frá og bað um athugasemdir og ábendingar um þær.

Ingileif Ástvaldsdóttir og Hrefna frá Heimili og skóla munu koma og vera með kveikju að vinnunni á þinginu sjálfu.

- *Umræða um skiptingu 1. bekkjar á þessu skólaári*
- *Umræða um námskrár og kennsluáætlanir og birtingu þeirra.*

Kennsluáætlanir eru inni á Mentor.